



Hafnarfirði 31.12.2014

## Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2014

### Stjórnarstarf

Sú breyting varð á stjórn félagsins á síðasta aðalfundi að Steinarr Steinarsson gekk úr stjórn sem varamaður en í hans stað kom Aðalsteinn Svavarsson.

Eitt af markmiðum félagsins á árinu var að vinna alla titla sem í boði voru í haglabyssugreinum. Það gekk eftir í Norrænu trappi þar sem keppendur SÍH lönduðu öllum Íslandsmeistaratitlunum.

Á síðasta að aðalfundi var samþykkt að hækka árgjald félagsins úr 9.000 kr. í 10.000 kr.

Ekki var samið við keppendur og þjálfara um áframhaldandi þjálfun útvaldra keppnismanna og keppendur sáu og sömdu hver og einn um eigin mál. Á árinu var hafinn undirbúningur og skipulagning vegna 50 ára afmæli félagsins á árinu 2015 sem stjórnin ætlar að fagna með veglegum og virðulegum hætti.

### Daglegur rekstur

Sjö stjórnarfundir voru haldnir frá aðalfundi til áramóta.

Daglegur rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður þar sem bókhald félagsins var uppfært mánaðarlega og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundum.

Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins og birt að loknu keppnistímabilinu á heimasíðu þess.

### Kvennastarf SÍH

Kvennastarf félagsins var með svipuðu sniði og síðastliðni ár þar sem haldnar eru vikulegar æfingar eingöngu ætlaðar fyrir kvenfólk. Þátttaka kvenna í landsmótum var með minna móti. Kvennasveit frá SÍH tók þátt í fyrsta Íslandsmótinu í Norrænu trappi og náði að landa Íslandsmeistaratitli.

### Keppnisferðir erlendis

Keppnisfólk SÍH tóku þátt í Skandinavia open og Nuuk open og stóðu sig með þrífri

### **Félagatal**

Gefin voru út 99 félagsskírteini á móti 116 árið áður. Á árinu gengu 33 nýir félagar í félagið á móti 20 nýliðum árið áður.

### **Skýrsla mótanefndar**

Landsmót og opin mót

Samtals voru 83 skráningar keppnismanna SÍH á 12 opin- og landsmót á móti 65 skráningum á jafn mörg mót á árinu á undan. Félagið hélt eitt landsmót í skeet í byrjun apríl, Íslandsmót í Norrænu trappi í lok júní og SÍH Open var halið í tíunda sinn í byrjun júlí þar sem 4 útlendingar frá Grænlandi og Englandi tóku þátt.

### **Innanfélagsmót**

Innanfélagsmót voru fimm talsins þar sem keppt var bæði í skeet og Norrænu trappi þar sem samtals 62 þátttakendur voru skráðir til leiks en voru 57 á síðasta ári á jafn mörgum mótum.

Á lokamótinu sem haldið var í september varð Sigurður Jón Sigurðsson Skotmaður SÍH í skeet og Helga Jóhannsdóttir Skotkona SÍH í skeet.

Stefán Geir Stefánsson varð Skotmaður SÍH í Norrænu trappi, Marínó Eggertson Skotunglingur SÍH í Norrænu trappi og Hrafnhildur Hrafnkelsdóttir skotkona SÍH í Norrænu trappi.

Að venju var mikil gleðskapur þá um kvöldið þegar uppskeruhátíð SÍH var haldin. Tilkynnt var um úrslit úr kosningu á æfingastjóra ársins en félagsmenn völdu að þessu sinni Gunnlaug Sigurjónsson. Við sama tækifæri voru veittar ýmsar aðrar viðurkenningar fyrir góðan árangur, góðan stuðning og gott starf fyrir félagið á árinu.

### **Skýrsla fræðslunefndar**

Árlegur fundur æfingastjóra var haldinn í mars. Þar var að venju farið yfir ábyrgð, skyldur og verklagsreglur æfingarstjóra. Nokkrir nýir æfingastjórar bættust í hópinn.

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu og var met þátttaka. Heldur fækkaði leiðbeinendum félagsins sem komu að námskeiðahaldinu að þessu sinni.

Nokkur önnur styttri námskeið voru haldin um reglur og fl.

### **Skýrsla fjárhagsnefndar**

Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og

kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.

Þetta árið var ákveðið að veita eingöngu styrki til félagsmanna vegna þátttöku á mótum og fyrir Íslandsmeistaratitla.

Samtals fengu því 15 keppendur 990 hringi í styrki á móti 12 keppismönnum sem fengu 690 hringi í styrki á síðasta ári. Töluverð aukning enda Íslandsmeistaratitlarnir margir.

### **Skýrsla skemmtinefndar**

Árshátíð félagsins var haldin að loknu árlegu innanfélagsmóti á skírdag og var vel sótt og vel heppnuð enda skipulögð af skemmtinefnd með reynslu.

Að venju var haldin grillveisla að loknum fyrri keppnisdegi á SÍH open og um haustið að lokamótinu félagsins loknu var uppskeruhátíð félagsins haldin þar sem menn og konur voru heiðraðar fyrir góðan árangur og vel unnin störf.

### **Skýrsla vallarnefndar**

Miklar byggingarframkvæmdir voru á Iðavöllum á árinu enda stórafmæli félagsins framundan. Lokið var við smíði á nýjum velli fyrir Norrænt trapp þar sem fyrsta Íslandsmótið í þessari frábæru skotgrein var haldið 21. og 22. júní.

Til að rýma fyrir nýjum skeetvelli þurfti að gera mikilar breytingar á skipulagi og formun svæðisins. M.a. þurfti að taka mikið af 15 ár gömlum öspum og birki upp með rötum og setja niður á öðrum stöðum á vellinu. Það tókst ótrúlega vel og ekki var annað að sjá en hver einasta plant ætlaði að lifa flutninginn af. Jafnframt var plantað yfir 1000 nýjum plöntum, aðalega umhverfis nýja trappvöllinn.

Nýi skeetvöllur er byggður á töluverða fyllingu til að jafn hæðarmun á milli gamla og nýja vallarins. Brautir og pallar voru steypdir og 20' gámi var komið fyrir sem markhús og leirdúfulager.

Gömlu gámarnir sem hafa í gegnum árin hýst rafstöð og leirdúfur voru teknir í gegn svo um munar. Þeir voru framlengdir um tvo metra, sett á þá þak og klæddir að utan. Þá var opnað á milli þeirra með því að skera gat á samliggjandi hliðar, steypd var í botninn og settar upp aksturs- og gönguhurðir af bestu gerð. Það sem áður voru gámar í niðurnýslu er nú heilmikil og flott salarkynni ætluð til geymslu og viðgerða.

### **Ritnefnd**

Uppsetning á vefsetri félagsins var óbreytt á milli ára. Eins og áður er lögð áhersla á að allar upplýsingar um félagið og starsemi þess séu aðgengilegar fyrir félagsmenn og aðra gesti heimasíðunar.

Mest heimsóttá síðan á vefsetrinu var „Mótaskrá og úrslit móta sem var heimótt 2199 sinnum.

Fyrir hönd stjórnar SÍH  
Ferdinand Hansen